Samfylkingin

Kópavogi, 16. nóvember 2026

Fyrirspurn um fjárhagslega áhættu og endurheimtur vegna framkvæmda við Barnaskóla Kársness

Í ljósi þess að Kópavogsbær hefur lagt fram tæplega 3,9 milljarða króna skaðabótakröfu á hendur Rizzani de Eccher, og með hliðsjón af alvarlegri fjárhagsstöðu félagsins og nauðasamningsumleitunum þess, er óskað eftir ítarlegum upplýsingum um fjárhagslega áhættu bæjarins.

Óskað er svara við eftirfarandi spurningum:

1. Hver er núverandi staða kröfunnar í seinni hluta málsins fyrir gerðardómi og hvenær er niðurstöðu að vænta?
2. Hefur málskostnaður sem gerðardómur dæmdi Kópavogsbæ með dómi 3. september 2024 verið greiddur? Ef ekki, hver er staða innheimtu hans og er hann jafnframt hluti af kröfugerðinni í seinni hluta málsins?
3. Hefur Kópavogsbær lýst kröfu í nauðasamningsumleitunum Rizzani de Eccher? Ef svo er, hvernig er krafan flokkuð í kröfuröð, hefur henni verið mótmælt og hvaða stöðu hefur hún gagnvart öðrum kröfuhöfum? Ef ekki, hvers vegna ekki og hver er frestur til kröfulýsingar?
4. Hafa verið gerðar ráðstafanir til að tryggja fullnustu kröfunnar, svo sem kyrrsetning eigna? Ef svo er, hvaða eignir eiga í hlut og hvert er verðmæti þeirra, og hvaða áhrif hafa greiðslustöðvun og nauðasamningsumleitanir félagsins á þær ráðstafanir?
5. Hvaða upplýsingar liggja fyrir um eignir, skuldir, veðsetningar og greiðslugetu Rizzani de Eccher? Á hvaða grundvelli er krafa reist á móti móðurfélaginu; á grundvelli ábyrgðar, skaðabótaábyrgðar eða á öðrum grundvelli?
6. Hvaða bankaábyrgðir, verktryggingar eða aðrar tryggingar voru settar vegna verksamningsins og hver var fjárhæð þeirra? Hve mikið hefur fengist greitt á grundvelli þeirra og hvernig er það fært í kröfugerðinni? Hefur Kópavogsbær haldið eftir greiðslum til verktakans sem unnt væri að skuldajafna á móti kröfunni?

Skjal sótt af '0000000000' dags: 22.11.2026

7. Hvaða hluti heildarkostnaðar við framkvæmdina, um 8,7 milljarðar króna, fellur utan kröfugerðarinnar og á hvaða forsendum, þar á meðal kostnaður sem féll til eftir riftun verksamningsins?
8. Hefur farið fram sjálfstætt mat á líklegum endurheimtum bæjarins? Ef svo er, hverjar eru niðurstöðurnar?
9. Hvernig er krafan færð í reikningsskilum bæjarins og hvaða áhrif hefur mögulegt tap á henni á fjárhagsstöðu bæjarins?
10. Er unnið með mismunandi sviðsmyndir um endurheimtur, þar á meðal þá sviðsmynd að engar greiðslur fáist?
11. Hver hefur kostnaður Kópavogsbæjar vegna lögfræðiþjónustu og annarrar ráðgjafar vegna málsins verið til þessa, hér á landi og á Ítalíu, hve stór hluti hans er hluti kröfugerðarinnar og hver er áætlaður heildarkostnaður við að fylgja kröfunni eftir?
12. Hver tók ákvörðun um fyrirsögn og birtingu fréttatilkynningar Kópavogsbæjar frá 15. október 2026, „*Kópavogsbær sækir fullar heimtur vegna vanefnda verktaka við byggingu Barnaskóla Kársness*“?
13. Á hvaða mati byggðist sú fullyrðing að bærinn sæki „fullar heimtur“, sbr. fyrirsögn fréttatilkynningarinnar, og hvers vegna var hvorki getið um fjárhagsstöðu verktakans né óvissu um endurheimtur í tilkynningunni?
14. Hvaða framkvæmdaaðili tók við verkefninu í kjölfar riftunarinnar og á hvaða grundvelli var samið við hann? Óskað er eftir því að gerð sé grein fyrir samningsumleitunum við framkvæmdaaðilann sem tók við verkefninu sem og samningsgrundvellinum fyrir vinnu viðkomandi við að klára verkið? Var samið um fast verð vegna framkvæmdarinnar eða tíma- og einingagjöld? Ef hið síðarnefnda, á hvaða kjörum og á grundvelli hvaða samnings?
15. Þurfti bærinn að greiða eitthvað af skuldum Rizzani de Eccher við undirverktaka þegar bærinn tók við framkvæmdinni? Óskað er eftir því að gerð sé grein fyrir slíkum greiðslum, grundvelli þeirra og hvort kröfugerð bæjarins fyrir gerðardómi nái til þeirra greiðslna?

Óskað er eftir að svörum fylgi viðeigandi gögn, meðal annars áhættumat lögmanna, upplýsingar um tryggingar, minnisblöð og samningar. Gögn sem ekki er unnt að birta opinberlega verði lögð fram sem trúnaðarmál í bæjarráði.

Markmiðið er að bæjarfulltrúar geti lagt upplýst mat á fjárhagslega áhættu bæjarins og að bæjarbúar fái skýra mynd af mögulegu tapi eða endurheimtum vegna framkvæmdanna.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 22.11.2026

Óskað er eftir skriflegu svari sem fyrst og eigi síðar en á fundi bæjarráðs þann 10. desember næstkomandi.

Jónas Már Torfason
Bæjarfulltrúi

Skjal sótt af '0000000000' dags: 22.11.2026